

Hvaða reglur gilda um lágmarksfjölda í áhöfn skipa?

FISKISKIP OG ÖNNUR SKIP

Lágmarksfjöldi **skipstjórnarmanna** á fiskiskipum og öðrum tekur nú annars vegar mið af skráningarlengd skipsins í metrum og hins vegar af ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum, sjá 12. gr. laga nr. [30/2007](#) og II. viðauka reglugerð nr. [175/2008 með síðari breytingum](#).

Lengd skips - skráningarlengd	Skipstjórn
<12 metrar	Skipstjóri (SS), sem má vera hinn sami og vélavörður (SSV) sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og hafi atvinnuskírteini til að gegna þeim störfum.
12 - 24 metrar	Skipstjóri (AD) og stýrimaður (AC). Heimilt að vera án stýrimanns að fenginni heimild mönnunarnefndar ef útvistartími er styttri en 14 klst.
24 - 45 metrar	Skipstjóri (BC) og stýrimaður (BA)
≥ 45 metrar	Skipstjóri (CB), yfirstýrimaður (CA) og undirstýrimaður (BB)

Lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum og öðrum skipum tekur nú annars vegar mið af skráðu vélarafli skipsins í kW og hins vegar af ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum, sjá 12. gr. laga nr. [30/2007](#) og II. viðauka reglugerð nr. [175/2008 með síðari breytingum](#).

Vélarafi skips	Vélstjórn
250 til og með 750 kW og skip 12 metrar og styttri að skráningarlengd	Vélavörður (SSV), sem má vera hinn sami og skipstjóri (SS) sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og hafi skírteini til að gegna þeim störfum. Ekki er skylt að vélavörður sé í áhöfn skips ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.
250 til og með 750 kW og skip 24 metrar og styttri að skráningarlengd	Yfirvélstjóri (VVyI) og vélavörður (VV). Heimilt er að vera án vélavardar að fenginni heimild mönnunarnefndar ef útvistartími er styttri en 14 klst.
250 til og með 750 kW	Yfirvélstjóri (VS.III) og vélavörður (VV). Heimilt er að vera án vélavardar að fenginni heimild mönnunarnefndar ef útvistartími er styttri en 14 klst.
751 til og með 1500 kW	Yfirvélstjóri (VS.I) og 1. vélstjóri (VS.II)
1501 til og með 1800 kW	Yfirvélstjóri (VF.III) og 1. vélstjóri (VF.IV)
1800 kW - 3000 kW	Yfirvélstjóri (VF.III), 1. vélstjóri (VF.IV) og undirvélstjóri (VS.II)
>3000 kW	Yfirvélstjóri (VF.I), 1. vélstjóri (VF.II) og undirvélstjóri (VS.I)

Ekki er gerð krafa í lögum eða reglugerðum um tiltekinn fjölda háseta um borð í fiskiskipum og öðrum skipum.

Hvað eru “önnur skip”?

Önnur skip eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. [76/2001](#) og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum nr. [30/2007](#). Þetta geta t.d. verið dráttarskip, dýpkunarskip, sanddæluskip, hafnsögubátar, rannsóknarskip, sjómælingaskip, tollskip, vitaskip og skólaskip.

VARÐSKIP

Um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna gilda eftirfarandi reglur.

Lengd skips	Skipstjórn
< 24 metrar	Skipherra (EA) og stýrimaður (DA)
24 - 45 metrar	Skipherra (EA), yfirstýrimaður (DA) og undirstýrimaður (CA)
≥ 45 metrar	Skipstjóri (EA), yfirstýrimaður (DA) og tveir undirstýrimenn (CA)

Um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna á varðskipum fer eftir sömu reglum og gilda um fiskiskip og önnur skip.

Ekki er gerð krafa í lögum eða reglugerðum um tiltekinn fjölda háseta um borð í varðskipum.

SKEMMTIBÁTAR

Skv. siglingalögum nr. [34/1985](#) skal ávallt vera skipstjóri á hverju skipi, þar með talið á skráningarskyldum skemmtibátum og á sá einstaklingur að vera handhafi skipstjórnarskírteinis á skemmtibátum. [Sjá nánar á heimasíðu Siglingastofnunar.](#)

FARÞEGASKIP OG FLUTNINGASKIP

Siglingastofnun ákveður mönnun farþegaskipa og flutningaskipa og gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir þau, þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður. Manna skal sérhvert íslenskt farþegaskip og flutningaskip á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips. Farþegaskip og flutningaskip skal manna þannig að unnt sé að fylgja öllum lögum og reglum um verndun umhverfis, einkum er varðar mengunarvarnir sjávar og lífríkis. Við ákvörðun um fjölda skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum skal Siglingastofnun Íslands taka fullt tillit til [STCW alþjóðasamþykktarinnar og krafna hennar um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf](#). Við mönnun flutningaskipa skal tekið sérstakt tillit til skipulags vakta um borð og nauðsynlegs hvíldartíma skipverja í samræmi við STCW-alþjóðasamþykktina, sbr. 12. gr. laga um áhafnir farþega og flutningaskipa, nr. [76/2001](#) og rg. nr. [416/2003](#). Í öryggismönnunarskírteini er ákveðin lágmarksfjöldi áhafnarinnar í heild, þ.e. einnig um lágmarksfjölda háseta.

[Umsókn um útgáfu öryggisskírteinis um lágmarksmönnun.](#)

[Hér](#) má sjá öryggismönnun á íslenskum farþegaskipum sem hafa farþegaleyfi Siglingastofnunar Íslands.

FRÁVIK FRÁ MÖNNUNARREGLUM

Er hægt að fá frávik frá þessum reglum um lágmarksfjölda í áhöfn skipa?

Já, það er hægt með því að senda [erindi til mönnunarnefndar skipa](#) sem starfar skv. [13. gr. laga nr. 30/2007](#) og reglugerð um mönnunarnefnd skipa, [420/2003](#). [Hér](#) má nálgast úrskurði mönnunarnefndar fiskiskipa sem jafnframt eru færðir í lögskráningarkerfi sjómanna.

Ekki er hægt að fá frávik frá öryggismönnunarskírteini farþegaskipa og flutningaskipa.